



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 09. töl.

Október 2012



Tveir nemendur úr Þjórarskóla komust í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2012. Það eru þær f.v. Dís Björk og Sigríður Lára, nemendur í 7. bekk og t.h er svo verkefnið þeirra GEL greiðan—frábært stelpur!

Starfsmenn sveitarfélagsins fóru í haustferð á Njáluslóðir 13. okt.

s.l. Mjög góð þátttaka var í ferðina og var dagurinn hinn besti. Endað var í Njálusetri og stillti sveitarstjórn sér upp ásamt sveitarstjóra í anda dagsins. Oddvitinn komst ekki með en var með okkur í anda. Hér eru þau f.v. Björgvin Skafti, Oddur, Harpa Dís, Jón, Kristófer sveitarstjóri og Gunnar oddviti svífur yfir.





Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er **486-6100**

Fax: 486-6120. Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15
föstudaga kl. 09:00 -12:00

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf 10. nóv. 2012.



Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir -frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri

Skil á erindum fyrir sveitarsjórnarfund.

Næsti sveitarstjórnarfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður þriðjudaginn 6. nóvember kl. 13:00. Ef fólk hefur hug á að senda erindi á fundinn, góðfúslega gerið það ekki seinna en 30. október. Þá minnum við á að umsóknardagur vegna íþróttu-og æskulýðsstyrks er þann 15. október.

Sveitarstjóri.

Kjörfundur 20. október 2012



Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður kjörfundur haldinn í **Bókahúsinu, Brautatholti** 20. okt. n.k. frá

kl. 10:00—18:00 vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs.

Kjörskrá fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp

vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem fram á að fara laugardaginn 20. október 2012 liggur frammi á skrifstofu Skeiða – og Gnúpverjahrepps í Árnesi frá og með miðvikudegi 10. október 2012. Skrifstofan er opin frá kl. 9-12 og 13-15 mánudaga til fimmtudaga og frá kl 9- 12 á föstudögum.

Kjörstjórn, Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Stuðningsfulltrúi í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Stuðningsfulltrúi óskast í 50% starf við Þjorsárskóla út skólaárið.
Upplýsingar gefur Bolette skólastjóri í síma 486-6051/895-9660 og á netfangið bolette@thjorsarskoli.is

Grænna land ehf.

Haustkransa námskeið

15.,16. og 17. október

í Sneiðinni 5 á Flúðum og tekur um 3 klst.

Hefst kl 20:00.

Farið er yfir efni í krönsum og hvað

hentar hverju sinni.

Verð 4.000,- kr innifalið er krans, vör og

efni. Tilvalið fyrir hópa, kvenfélög, saumaklúbba og fleiri.



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is


Hrossaræktarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Nokkrir áhugasamir einstaklingar hafa áhuga á að kanna hvort að grundvöllur sé fyrir því að endur-vekja / stofna nýtt

Hrossaræktarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Því er blásið til fundar í bókasafninu í Brautarholti sunnudagskvöldið 21. okt. kl 20:30.

Látið sjá ykkur og komið uppfull af hugmyndum.

Undirbúningsnefndin.





Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpvörjahreppi

Hjóladaður og haustþema

Um miðjan september fórum við í hina árlegu hjólaferð okkar. Markmiðið með henni var aðallega gleði, hreysti og útivera og umferðareglur. Hjólaðar voru mislangar leiðir

eftir aldri nemenda og vorum við svo heppin að veðrið var indælt.

Eftir hádegi unnum við í bekkjum með verkefni sem tengdust réttarvikunni t.d. var þæfð ull og búnað til kindur, búnað var til réttir úr pappmassa, fræðst var um fjallmenn fyrr og nú og bakaðar kartöflur á eldstæði.

Skemmtilegur dagur sem kom öllum í góðan gír fyrir réttirnar ☺



Sumarlestur

Margir nemendur tóku góðum framförum í lestri síðasta vetur. Til þess að viðhalda þessum framförum er mikilvægt að halda áfram að lesa á sumrin. Til þess að gera sumarlesturinn hvetjandi og spennandi fórum við af stað með sumarlestur.

Hraðapróf í lestri frá því í vor og núna í haust hafa verið borin saman og greinileg fylgni er milli framfara hjá nemendum í lestri og sumarlesturs. Vonandi er því sumarlesturinn kominn til þess að vera. Í

október veitum við verðlaun fyrir sumarlesturinn. Mikil þátttaka var í verkefninu og tóku 22 nemendur þátt. Fengu þeir sundpoka með glaðningi í. Má þar nefna spila-stökk, buff, Andrés blað, litlar flugvélar, svitabönd og fleira. Auk þess fékk skólinn kassa fullan af bókum frá Bókaútgáfunni Veröld. Þökkum við þeim sem styrktu okkur með smágjöfum kærlega fyrir. Styrktaraðilar: Nettó, Stöð 2, Arion banki, Síminn, Bykó, Landsbankinn, Eimskip, TM, Bókaútgáfan Veröld og Vífilfell.



Grænfáninn

Þriðjudaginn 9. október var haldin hátíð skólanum. Þá fögnuðum við afhendingu Grænfánans í 5 sinn. Það var Sigprúður Jónsdóttir fulltrúi landverndar sem afhendi fánann. Auk hennar tók Ástráður, fulltrúi nemenda í umhverfisnefndinni, til máls ásamt sveitastjóranum okkar, Kristófer. Við leggjum hart að okkur í skólanum að sinna umhverfinu og erum því ákaflega stolt af þessari viðurkenningu.

Nemendur í 7. bekk buðu upp á nýbakaðar vöffur í tilefni dagsins, með rjóma og sultu sem þau bjuggu sjálf til.



Landgræðsla

Skólinn fór í sína árlegu landgræðsluferð upp á Skaftholtsfjall. Hver bekkur vann að verkefni tengdu uppgræðslu á svæðinu. T.d. var borinn lífrænn áburður á sár, dreift úr rúllum og borið á stiklinga. Auk þess gerðu nemendur í 7. bekk tilraun þar sem þau sáðu fræjum á mel. Sigprúður Jónsdóttir, fulltrúi landgræðslunnar var með í för og fræddi nemendur.



Nýsköpun

Tveir nemendur úr skólanum komust í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2012. Það eru þær Díska Björk og Sigríður Lára, nemendur í 7. bekk. Um helgina voru þær í vinnusmiðju í Háskólanum í Reykjavík og kynntu síðan verkefni sitt. Við í skólanum erum stolt af stelpunum okkar.

Bestu kveðjur.

Kristín og Bolette

VÖRÐUKÓRINN

Flóamarkaður/uppistand Vörðukórsins.

Þann **3.nóv.** næstkomandi verður mikið um að vera í **Félagsheimilinu á Flúðum.**

Þá ætlar Vörðukórinn að vera með flóamarkað, syngja nokkur lög og fá til liðs við sig unga upprennandi söngkonu.

Vöffur og kaffi á boðstólum og ómögulegt að segja hverju kórinn kann að taka upp á. Við lofum skemmtilegum laugardegi frá kl 14 – 17.

Nánar auglýst síðar.

Opið frá 1.október 2012

Mán — föstud. kl. 13:00—21:00

Laug — sunnud. Kl. 11:00 - 21:00

Sími 486 1400!

LAUGARVATN
fontana
UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna.

Góð bók er nauðsyn!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505 - www.gegnir.is



Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá
á **www.upplit.is** allir velkomnir!

BINGO

Hið árlega bingó körfuknattleiksdeildar UMFH verður haldið föstudaginn 26. október kl. 20:00 í Félagsheimili Hruna-
manna. Fjöldi vinninga - við hvetjum alla til að mæta og eiga
skemmtilega kvöldstund saman ☺

Stjórn körfuknattleiksdeildar UMFH



Frá Kvenfélagi Skeiðahrepps

Haustfundur félagsins verður haldinn í bókasafninu Brautarholti laugardaginn 10. nóvember kl. 11. Helga Guðlaugsdóttir mun segja frá KÍ þinginu og Jóhanna Vilhjálmss segir frá formanna-
fundi KÍ. Einnig munu verða sýndar myndir frá fyrirhugaðri ferð félagsins til Slóveníu og vetrarstarfið rætt. Jólakort SSK verða til sölu.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

Allar konur velkomar.

Þrónakvöld félagsins eru byrjuð fjórða árið í röð. Við hittumst á fimmtudags-
kvöldum á bókasafninu. Vekjum athygli á að þetta er opið öllum.

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps

Helgihald í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Messa í Ólafsvallakirkju 21. október kl. 11:00

Barnastund í Hrepphólum 21. október kl. 16:00

Messa í Stóra-Núpskirkju 04. nóvember kl. 14:00

Gestir frá Hornafjarðarkirkju sjá um messuna í Stóra-
Núpskirkju og öllum boðið í messukaffi í Árnes á eftir.

Tökum vel á móti Hornfirðingum og mætum í messu og
fáum okkur kaffi í notalegri samverustund.

ALLIR VELKOMNIR!

Sóknarprestur

Fundargerð fundar nr. 35

Aukafundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnasi þriðjudaginn 19. september 2012 kl. 20:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason og Sigrún Guðlaugsdóttir er sat fundinn í fjarveru Hörpu Dísar Harðardóttur. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags – og byggingafulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps nr. frá 23.08.2012.

Liður nr. 20 málsnr. 201203443712.

Aðalskipulag skeiða- og Gnúpverjahrepps. – Uppsetning vindrafstöðva á Hafinu
Lögð fram að lokinni kynningu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem varðar athafnasvæði Landsvirkjunar milli Búrfellsvirkjunar og Sultartanga. Svæðið er skilgreint sem blanda landnotkunar iðnaðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota, merkt sem I1 og I2. Ekki er gert ráð fyrir breyttri afmörkun svæðisins heldur tekur breytingin til aukinnar og breyttra orkuvinnslu, þ.e. að á ákveðnu svæði verði heimilt að reisa tvær allt að 55 m háar vindtúrbínur (spaðar geta náð upp í allt að 80 m hæð) sem geti framleitt allt að 1,9 MW. Tillagan var auglýst samhliða deiliskipulagi fyrir svæðið 5. júlí 2012 með athugasemdafresti til 17. ágúst. Engar athugasemdir bárust. Málið var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar 23. ágúst sl. og var ekki gerð athugasemd við samþykkt málsins en endanlegri afgreiðslu var vísað til sveitarstjórnar. Aðalskipulagsbreytingin er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að senda málið til Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Liður nr. 21 málsnr. 201204243800 Deiliskipulag. Vindrafstöðvar á Hafinu.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi fyrir vindrafstöðvar á Hafinu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða ca 23 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir að reisa 2 vindrafstöðvar í rannsóknarskyni. Tillagan var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið frá 5. júlí til 17. ágúst 2012. Engar athugasemdir bárust. Málið var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar 23. ágúst sl. og var þá samþykkt en málið er tekið upp núna samhliða afgreiðslu á aðalskipulagsbreytingu sem auglýst var samhliða.

Deiliskipulagið er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að senda málið til Skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Sjálfskuldarábyrgð vegna Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.ehf.

Sveitarstjóri sagði frá fyrirsjáanlegri fjárþörf vegna mikilla útgjalda vegna Ljósleiðaralagn-
ingar um sveitarfélagið. Hann lagði fram svohljóðandi tillögu : Sveitarstjórn Skeiða- og
Gnúpverjahrepp samþykkir fyrir hönd sveitarfélagsins sjálfskuldarábyrgð vegna fyrirgreiðslu
til handa Fjarskiptafélags Skeiða og Gnúpverjahrepps að fjárhæð 20.000.000 kr. Í formi tíma-
bundins yfirdráttar. Innan tíðar er væntanlegt fjárframlag frá Landsvirkjun vegna verkefnisins
samkvæmt rammksamkomulagi.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Haustferð starfsfólks sveitarfélagsins laugardag 13. október.

Oddviti og sveitarstjóri kynntu fyrirhugaða haustferð í Rangárþing. Ákveðið var að sveitarfélagið myndi greiða kostnað við rútu, leiðsögn og kvöldverð. Makar greiði fyrir sig.

Fundi slitið kl 20:50

Safnarasýning í Brautarholti!

Upplit stendur fyrir safnarasýningu í Félagsheimilinu Brautarholti á Skeiðum **laugardaginn 3. nóvember** og er sýningin framlag Upplits til Safnahelgar á Suðurlandi, sem að þessu sinni fer fram dagana 2.–4. nóvember. Þetta er í annað sinn sem Upplit efnir til safnarasýningar, en sú fyrsta var haldin í Félagsheimilinu á Flúðum á Safnahelgi í fyrra og hlaut hún sérlega góðar undirtektir.

Upplit biðlar nú sem fyrr til safnara í uppsveitunum að draga fram úr hirslum sínum gersemarnar sem þeir hafa verið að safna

og koma ekki endilega alltaf fyrir margra sjónir.

Nú er tækifærið til að dusta rykið af þessum einkasöfnum og hefja þau til vegs og virðingar með því að sýna þau öðrum.

Við erum að tala um þessi smáu jafnt sem stóru söfn sem leynast víða á heimilum; frímerki, spil, merki, uglur, kindur, húfur, penna, límmiða, glansmyndir, servíettur, eldspýtustokka, þjóðbúningadúkkur, póstkort, skó eða hvaðeina sem sumir hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða.

Gert er ráð fyrir að sýningin standi frá **kl. 13 til 17 laugardaginn 3. nóvember** og að safnararnir verði á staðnum á meðan á henni stendur til að sýna söfnin sín og svara spurningum gesta.

Í félagsheimilinu verður stillt upp borðum til að raða söfnunum á, en safnarar verða sjálfir að sjá fyrir kössum, skápum eða öðrum hirslum til að geyma safngripina í ef borðin duga ekki.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með í sýningunni eru hvattir til hafa samband við sýningarstjórana Skúla Sæland (663 9010 / skulisael@gmail.com)

eða Önnu Kristjönu Ásmundsdóttur (896 6430 / anna@fludaskoli.is) og tryggja sér borð.

Safnarar allra uppsveita sameinist – og sýnið sveit-ungunum dýrgripina ykkar, þó ekki væri nema þennan eina dag!

Einnig ætti þetta að vera kærkomið tækifæri fyrir safnara að hitta aðra safnara og skiptast á upplýsingum og skoðunum um söfnin.



Fundargerð 36. sveitarstjórnarfundar 02. október 2012

Fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 02. október 2012 kl. 13:30.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason og Harpa Dís Harðardóttir. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá.

Dagskrá:

1. Tillaga að stofnun byggðasamlags vegna fasteigna fyrir fatlaða.
Bréf hafði borist frá Sveitarfélaginu Árborg. Við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var stofnaður fasteignasjóður innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem annast fasteignir þær er nýttar eru undir fatlaða. Sveitarfélagið Árborg leggur til að stofnað verði byggðasamlag aðildarsveitarfélaga þjónusutusvæðis um málefni fatlaðra um rekstur fasteignanna Gagnheiðar 39 og Álfaríma 2 í Árborg.
Sveitarstjórn hafnar erindinu. Engu að síður telur sveitarstjórn æskilegt að fara yfir málaflokkinn í heild sinni.
2. 09. Fundargerð Velferðarnefndar Árnesinga. Lögð fyrir, kynnt og samþykkt.
3. 10. Fundargerð Velferðarnefndar Árnesinga. Lögð fyrir, kynnt og samþykkt.
4. Upplýsingar til Íslenksrar málnefndar. Fyrirspurn frá Innanríkisráðuneyti um málstefnu í sveitarfélaginu. Eftirfarandi er bókað : Ný sveitarstjórnarlög hafa falið í sér mörg ný verkefni fyrir sveitarfélögin. Eðlilegt er að innleiðing laganna taki sinn tíma og sveitarfélögin þurfa, rétt eins og ráðuneytið, að forgangsraða verkefnum innan þess ferlis. Málstefna í sveitarfélaginu er ekki endilega forgangsmál og sveitarfélagið mun líta til þeirrar fyrirmyndar sem mun fela í málstefnu sem sett verður fyrir Stjórnarráðið.
5. Fundargerð 18. Fundar Fræðslunefndar Flúðaskóla. Lögð fram og samþykkt samhljóða.
6. Erindi / bótakrafa Ábótans ehf. Lagt var fram bréf frá Ingu Lillý Baldursdóttur hdl.f.h. Ábótans ehf. Það hljóðar upp á skaðabótakörfu á hendur sveitarfélaginu að fjárhæð 87,4 milljónir króna vegna forsendubrests í rekstri félagsins. Kröfunni er hafnað.
7. Rekstur almenningssamgangna á Suðurlandi. Sveitarstjórn bendir á að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur aldrei samþykkt aðild að samningi um almenningssamgöngur milli SASS og STRÆTÓ B.S og ber því ekki fjárhagslega ábyrgð. Bent er á bókun því til stuðnings frá 09.08.2011. sem er svohljóðandi „ Sveitarstjórn bendir á að Árnes er ekki inn í væntanlegu leiðakerfi og telur að útfæra þurfi akstursleiðir betur og kostnaðarskipting þurfi að vera á hreinu áður en afstaða er tekin til málsins.
8. Mál nr 15, á 51.fundi Skipulags – og byggingafulltrúa 20.09.2012.,201209634083. Deiliskipulag Húsatóftir 2 lnr 166472,„ Lögð fram lýsing á breytingatillaga að deiliskipulagi í landi Húsatófta 2. Lnr. 166472 Gert er ráð fyrir 49,3 ha spildu þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús sem hefur fengið heitið Húsatóftir 2 B. Á lóðinni standa í dag hluti af eldri úti-húsum frá Húsatóftum 2 og er gert ráð fyrir að heimilt verði að stækka þau. .Að mati nefndarinnar er deiliskipulagið í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags og því ekki þörf á lýsingu samkv. 2. Mgr.40 gr skipulagslaga nr. 123/2010 eða kynningu skv, 4.mgr 40.gr.

Nefndin mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi skv. 41. Gr. 41. Gr. Skipulagslaga skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verður umsagnar Vegagerðar og Fornleifaverndar. Samþykkt var samljóða að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu.

9. Mál nr 16, á 51. fundi Skipulags – og byggingafulltrúa 20.09.2012 „ 201205573846 Deiliskipulag á Leiti,, Lögð var fram deiliskipulagstillaga smábýlalóðarinnar Leiti. Lýsing skv. 2. Mgr. 40 gr. Skipulagslaga 123/2010 var kynnt skr. 4. Mgr. 40 gr. Skipulagslaga 23 ágúst 2012. Nefndin mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa deiliskipulagið skv. 41. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa deiliskipulagið.
10. Fundargerð 51. Fundar Skipulags – og byggingafulltrúa lögð fyrir og kynnt að undanskildum liðum, málum nr. 15 og 16. Fundargerð lögð fram.
11. Mál nr. 65 til umsagnar frá Velferðarnefnd Alþingis. Lagt fram og kynnt.
12. Þingskjal 180-181 til umsagnar. Lagt fram og kynnt.
13. Þingmál 89 til umsagnar. Vernd og nýting orkusvæða. Vísað er til fyrri bókana um ramma-samkomulag.
14. Beiðni Borghildar Einarsdóttur um ferðastyrk. Beiðni hafnað.
15. Beiðni frá Foreldrafélagi Leikskólans Leikholts um styrk kr 80.000. Beiðni samþykkt.
16. Teikningar að aðstöðuhúsi við félagsheimilið Árnes. Teikningar lagðar fram og kynntar.
17. Opnun tilboða í viðbyggingu við Árnes. Tvö tilboð bárust í verkið og voru þau bæði yfir kostnaðaráætlun. Ákveðið var að fresta framkvæmdinni að sinni.
18. Málefni Steingríms Erlingssonar Vorsabæ. Lögð fram að nýju lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins á spildu úr landi Vorsabæjar 1. Lýsingin var kynnt með auglýsingu sem birtist í Dagskránni, Fréttablaðinu og á heimasíðu sveitarfélagsins og skipulags- og byggingarfulltrúa 20. september sl. Tillagan var aðgengileg í pappírsmáli á skrifstofu sveitarfélagsins og skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa auk þess sem hana var hægt að nálgast rafrænt á heimasíðu skipulags- og byggingarfulltrúa. Gefinn var frestur til 28. september til að koma með athugasemdir/ábendingar. Ein athugasemd barst með bréfi dags. 27. september 2012 og er hún meðfylgjandi. Lýsingin var send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Fornleifavernd ríkisins til umsagnar en eingöngu umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir.
Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að vinna áfram að breytingu á aðalskipulagi svæðisins á þann veg að gert verði ráð fyrir iðnaðarsvæði á suðvestur hluta spildunnar og punkti fyrir verslun- og þjónustu á norðausturhluta hennar. Önnur svæði verði áfram skilgreind sem landbúnaðarsvæði enda er gert ráð fyrir að stofnað verði lögbýli á spildunni. Þegar tillaga að aðalskipulagsbreytingu liggur fyrir, þar sem tekið hefur verið tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila, er skipulagsfulltrúa falið að kynna aðalskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal sú kynning auglýst með því að senda dreifibréf á alla íbúa sveitarfélagsins auk opinberrar auglýsingar. Kynningin skal fara fram fyrir næsta fund sveitarstjórnar og verður tillaga að deiliskipulagi svæðisins kynnt samhliða.
Framhald á næstu síðu...

Mál til kynningar

- A. Ársskýrsla Velferðarnefndar Árnesinga 2011.
- B. Niðurstöður könnunar Félags grunnskólakennara.
- C. Fundargerðir samstarfsnefnda Félags Grunnskólakennara og Félags tónlistarkennara
- D. 799. Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- E. 141 Fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- F. 458 og 459. Fundur Stjórnar SASS.
- G. 309 Fundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands
- H. 310 Fundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands
- I. 220 Fundur Sorpstöðvar Suðurlands
- J. Afgreiðsla Byggingafulltrúa fundur 51.
- K. Ágóðahlutagreiðsla EBÍ.
- L. Úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ
- M. Skipan í 17. Júní nefnd.
- N. Áform um Vatnagarð. Viðskiptaáætlun.
- O. Fundargerð 220. Stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands.
- P. Hugmyndir Stjórnar Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs að samstarfssamningi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Fundi slitið kl 16:30

Næsti fundur ákveðinn 6. Nóvember næstkomandi.

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.***



Sauðakofinn Fossnesi

Verðum með slatta af sauðahangikjöt í haust. Kaldreykt og tvíreykt, við tað og birki. Vinsamlegast pantið sem fyrst í sínum 486-6079 -895-8079 og 894-1106 Netfang fossnes@uppsveitir.is
Bestu kveðjur Sigrún og Diddi

Ljósleiðaralögnin.

Lagning ljósleiðarastrengsins um sveitarfélagið gengur mjög vel. Þegar þetta er ritað er lokið um 80 % niðurlagningu rörsins í jörðu. Þessa dagana er verktakinn, Þjótandi ehf, að plægja leiðina að Laxárdal. Þá er eingöngu eftir að plægja að bæjunum fyrir ofan Ása og innan Skaftholts auk hverfanna í Brautarholti og við Árnes. Ljósleiðarastrengnum sjálfum er blásið í rörið og hefur blástur farið fram á bæina á Suður- Skeiðum þeir eru 44 talsins og unnið er að blæstri á efri hluta Skeiðanna. Tengingar fara svo fram í framhaldi af blæstri. Það er SH Leiðarinn ehf úr Hveragerði sem annast blástur og tengingar. Það er ánægjulegt að sjá hvað margir eigendur sumarhúsa ætla vera með í verkefninu.

Ekki er hægt að fullyrða um hvenær allir íbúar verða komnir með ljósleiðaratengingar inn í sín hús. Það er þó ekki óraunæhæft að ætla að það verði áður en jólaklukkunum verður hringt í ár.

Með kveðju.

Kristófer.

***Velferðarþjónusta Árneshings
í Laugarási hefur fengið nýtt símanúmer.***

480-1180 Fax: 480-1181

Ný heimasíða er í smíðum og verður komin í loftið innan tíðar
www.laugaras.is

Félagsmálastjóri er María Kristjánsdóttir og starfsstöðvar Velferðarþjónustu Árneshings eru þrjár.

***Uppsveitir Árnessýslu og Flóa
Heilsugæslan Laugarási
801 Selfoss
S. 480-1180***

***Hveragerðisbær
Sunnumörk 2
810 Hveragerði
S. 483-4000***

***Sveitafélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
S. 480-3800***

TAPAD—FUNDIÐ!!

**Fundist hefur botn úr trampólíni.
Er í áhldahúsi hreppsins, s. 486- 6118**



Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
13:00	Fótbolti 5 ára 1. og 2. bekkur	15:15	Körfubolti minnibolti stelpur 3.-6. b.	15:10	Fimleikar 4-5 ára og 1. bekkur	13:00	Fótbolti 1. og 2. bekkur	12:30	1. og 2. bekkur Körfubolti Mikróbolti
13:40	1. og 2. bekkur Körfubolti Mikróbolti	16:20	Körfubolti 9.-10. flokkur kvenna	16:00	Frjálsar 1.-2. bekkur	13:50	Fótbolti 3. og 4. bekkur	13:10	Körfubolti minnibolti strákar 3.-6. b.
14:30	Körfubolti minnibolti strákar 3.-6. b.	17:20	Körfubolti 7.-8. flokkur kvenna	16:40	Frjálsar 7.-10. bekkur	15:10	Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	14:20	Körfubolti 7.-8. flokkur kvenna
15:45	Körfubolti minnibolti stelpur 3.-6. b.	18:20	Körfubolti minnibolti strákar 3.-6. b.	17:50	Frjálsar 3.-6. bekkur	16:30	Körfubolti minnibolti stelpur 3.-6. b.	15:30	Körfubolti 9.-10. flokkur kvenna
17:00	Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna	19:30	Blak Karlar	19:00	Körfubolti 7.-10. flokkur karla	17:40	Körfubolti 7.-10. flokkur karla	16:45	Körfubolti 7.-10. flokkur karla
18:20	Körfubolti 7.-10. flokkur karla	21:00	Blak Karlar	20:30	Karlasport! Alls konar hreyfing fyrir karla á öllum aldri.	19:00	Blak Konur	18:00	Fótbolti Old boys
19:40	Körfubolti old boys					20:00	Blak Karlar		
21:00	Badminton Allir								

Fótboltaæfingar á sparkvelli:

Mánudagar:
13.50-14.40 - 3.-4. bekkur
15.15-16.05 - 7.-8. bekkur
16.05-16.55 - 5.-6. bekkur
16.55-17.45 - 9.-10. bekkur

Fimmtudagar:
15.15-16.05 - 7.-8. bekkur
16.05-16.55 - 9.-10. bekkur
16.55-17.45 - 5.-6. bekkur

Þessi tafla gildir haustönn 2012.

Nokkrar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar frá 1. töflu og tekur þessi tafla gildi nú þegar.

Jóga á Flúðum

Útijóga

Útijóga á mánudögum kl. 17:30. Létt ganga, stöðvað af og til og gerðar jógaæfingar, öndunaræfingar og teygjur. Nýtum okkur skjólgóða staði Flúðahverfisins. Þessir tímar eru mjög orkugefandi en veita jafnframt góða slökun.

Allir velkomnir, ekki er þörf á að hafa reynslu af jógaástandun.

Staður: Félagsheimili Hrunamanna

Tími: Mánudaga kl. 17:30 – 18:45

Verð: 500 kr tíminn.



Hefðbundið jóga í sal

Opnir tímar á fimmtöðugum 11. október – 6. desember.

Allir velkomnir, byrjendur sem lengra komnir.

Staður: Flúðaskóli

Tími: Fimmtudagar kl. 17:30 – 18:45

Verð: 7.200 kr

Stakur tími: 1.000 kr

Nánari upplýsingar og skráning í síma 898-0677

eða á netfanginu adj13@hi.is

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari



Til sölu.

Tvær stórar gaseldavélar og ein venjuleg útlístgölluð, rafmagnseldavél, til sölu. Einnig tveir rafmagns steikar/bakarofnar (90 cm—1 m að breidd) og tólf rúm í tveimur, tveggja hæða, kojueiningum. Upplýsingar í Áhaldahúsi Skeiða—og Gnúpverjahrepps. Símar: 893-4426 / 864-6904.



Leikholt

Leikholt 9. október 2012

Það er allt gott að fréttu hjá okkur í Leikholti. Alltaf nóg að gera og margt að skoða og uppgötva. Börnin læra í leik og daglegu starfi, innan dyra sem utan. Námsgvið leikskólans eru: *Sköpun og menning, heilbrigði og velliðan, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti*. Námsgviðin taka miða af sex grunnþáttum menntunar: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og manntíndi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*.



Sköpun og leikur með óhefðbundinn efnivið. „Klósettkubbanir“ er efniviður sem er mjög vinsæll í leikskólanum og er notaður á hverjum degi. ☺ Það eru byggð hús, stíur fyrir kindur og kálfa, hundakofar, sjóræningjaskip og margt fleira. Það er ævintýrlegt að sitja og fylgjast með börnunum í þessu sköpunarferli. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra, sköpun og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín.

Það er gaman að fara í gönguferð út fyrir leikskólalóðina og skoða litina í náttúrunni, rannsaka og uppgötva.

Haustið hefur verið yndislegt og gaman að vera úti. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu.

Skapa þarf börnum tækifæri til



Hugtökin uppeldi, umönnun og menntun mynda eina heild í leikólastafinu.

Börnin fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi og þeim er sýnd

virðing og umhyggja. Litið er á börnin sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Einkunnar orð Leikholts eru *gleði, vinsemd og virðing*.

Kveðja frá öllum í Leikholti, Sigríður Björk Gylfadóttir, leikskólastjóri.



Gaman í skólabil ☺ í Smáholti



Samverustund í Stórholti



Gott að fá hressingu ☺

Minilik Eþíópískt veitingahús á Flúðum!

Opnunartími í október og nóvember

Opið mið.-föst. 18:00-21:00 og laugardaga

14:00-21:00 (lokað sun., mán., þri.)

Utan venjulegs opnunartíma er hægt að panta í síma 846-9798, með minnst dags fyrirvara, lágmarksfjöldi 4.

Í október verða þemakvöld á Minilik.

Fyrstu kvöldin eru 3. 4. og 5. okt.

Þá verður í boði Kjöt frá Koti, matreitt og borið fram á eþíópískan hátt. Verð kr. 1.600.

10. 11. og 12. okt. íslenskt/eþíópískt kvöld

Blandað saman íslenskri og eþíópískri matarhefð (ísl. kartöflur og hnifapör)

17. 18. og 19. okt. Fastakvöld (eþíópískur fastamatur).

Uppistaðan grænmeti og baunir. Verð kr 1.600.

24. 25. og 26. okt. Kaffi ceremonial kvöld (eþíópísk kaffi athöfn).

Hellt uppá að hætti Eþíópíubúa. Verð kr. 400.

Panta verður á þemakvöldin.

Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma 846-9798

Nýtt á Minilik. Take away af öllum mat á matseðli.

Panta þarf með minnst með 30 mín. fyrirvara.





Kertasmiðjan Brautarholti
Símar 663 4666 — 823 3999



486 5518 www.kertasmidjan.is

UPPSVEITASTJARNA

Hæfileikakeppni uppsveitanna í undirbúningi!

Hvar liggja þínir hæfileikar? Ert þú snillingur í að herma eftir, blaka eyrunum, fara heljarstökk afturábak, töfra kanínur upp úr hatti, dansa, syngja, spila á hljóðfæri, gretta þig ógurlega, halda mörgum boltum á lofti eða prjóna ótrúlega hratt? Þetta eru bara örfá handahófskennd dæmi um atriði sem upplagt væri að æfa fyrir hæfileikakeppni uppsveitanna sem nú er í undirbúningi hjá Uppliti, menningarklasa uppsveita Árnessýslu.

Fyrsta forkeppnin verður í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi laugardaginn 20. október kl. 15-17 og er skráning að hefjast þessa dagana.

Allir geta tekið þátt; ungir jafnt sem aldnir, skólar og vinnustaðir, einstaklingar og hópar – jafnvel heilu fjölskyldurnar. Fyrirhugaðar eru þrjár forkeppnir og að lokum úrslitakeppni, allar haldnar í félagsheimilum í uppsveitunum á tímabilinu frá október nk. fram í febrúar. Dómnefnd skipuð nokkrum valinkunnum einstaklingum velur bestu atriðin í hverri forkeppni, sem síðan Frumleiki, skemmtun og sköpunargleðiri að æfa fyrir hæfileikakeppni uppsveitanna sem nmunu etja kappi í úrslitakeppninni.

Hámarks lengd atriða er 5 mínútur – en þau mega líka gjarnan vera styttri. Frumleiki, skemmtun og sköpunargleði vega þungt þegar kemur að því að velja atriði sem komast áfram í úrslitakeppnina.

Fyrirkomulag keppinnar verður kynnt nánar þegar nær dregur – en hæfileikaríkum uppsveitungum er alveg óhætt að byrja að undirbúa krassandi og skemmtileg atriði!

Tekið er við skráningum og fyrirspurnum svarað á upplit@upplit.is.

Einnig má nálgast nánari upplýsingar um keppnina á vefnum www.upplit.is.

Hæfileikakeppnin er haldin með styrk frá Menningarráði Suðurlands.

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

**Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!
Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð**



Bjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykki, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsuþbrauð og tómataþbrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.

Giesser hnífar í
úrvali fyrir slátrun,
kjöt og fiskvinnslu
Margverðlaunaðir
"BEST CUT" hnífar.



Alltaf til Cemtec skeifur í öllum stærðum!

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006



**LAGNA
POSTULINN**


Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Kort af afréttum milli Þjórsár og Hvítár!

Til sölu á skrifstofunni í Árnesi er endurútgefna óbyggðakortið af af-
réttum Gnúpverja, Skeiðamanna, Flóamanna og Hrunamanna og
kostar **kr. 500.—** Gott í vasann og eykur **öryggi** ferðalanga!

Á bak við eldavélina!

Fyrst vil ég þakka Árna Má fyrir áskorunina og það væri gaman að heyra eina af þessum sögum sem hann hefur heyrt af eldamennskunni minni, en hvað um það, hér kemur ein.



Þar sem réttir eru ný afstaðnar ætla ég að koma með smalapottrétt. Þetta er mjög þægilegur réttur þar sem maður hendir öllu í einn pott og fer svo út að smala og maturinn er tilbúinn þegar maður kemur heim.

Smalapottréttur!

Lambakjötsneiðar

Kartöflur

Laukur

Gulrætur

Rófur

Tómatsósa

Barbecue sósa

Timjan

Salt og pipar


Byrja með að setja kjötið í eldfast mót og krydda það með salti og pipar. Skerið grænmetið niður í bita ekki of litla. Kartöflur og laukur fer svo næst ofan á kjötið og svo hitt grænmetið.

Setja vel af tómatsósu eða barbecue sósu og krydda með timjan, inn í ofn á 100°C í fjórar klukkustundir.

Nú skora ég á hestamanninn mikla Árna Svavarsson frá Hlemmi-skeiði að koma með næstu uppskrift.

Aðalsteinn

Aðalsteinsson.



Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9:30 og 13-13:30

Vaktsími 892-8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. **14:00.**

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Menningarskemmtikvöld í Árnesi!

Upp hefur komið hugmynd um að hafa einhvers konar menningarskemmtikvöld í Árnesi og prófa þá nýju tækni sem þar er nú til staðar. Ef einhverjir eiga gamlar vídeómyndir af mannlífinu hér í sveitinni væri mjög gaman að sýna a.m.k eitthvað af þeim við þetta tækifæri. Hafið samband við skrifstofuna 486-6100 ef þið lumið á einhverju.

Undirbúningsnefndin.



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími:

486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR

GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR

GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG

OG ALLT ÞAR Á MILLI.

ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR

SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA og 11-14 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN

ÁSBÚÐIN

Saltsteinar - steinefna- og vítamínblokkir - steinefnafötur



Saltsteinn Natur

Saltsteinn 10 kg.

kr. 1.128



Saltsteinn Plus 10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, seleni og jöði

kr. 1.430



Steinefnablokk Uniblock 10 kg.

Þleikiblokk með kalsíum, magnesíum, jöði, seleni og vítamín

kr. 2.365



Vítamínblokk

Þleikiblokk með hátt hlutfall vítamína og snefilefna ásamt seleni. Bragðgott og veðurþolið.

kr. 2.850 10 kg.



Steinefnafata Universalschale

Alhliða steinefnafata fyrir sauðfé. 15 kg.

kr. 3.730



Steinefnafata Phosphoreimer

Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi. Fyrir nautgrip, sérstaklega fyrir geldkýr. Ekki fyrir sauðfé

kr. 6.180 20 kg.



Steinefnafata Mineraleimer

Alhliða steinefnafata fyrir kýr og hross

Ekki fyrir sauðfé

kr. 6.050 25 kg.

Í fyrrihaust gerðum við könnun á steinefnabörf sauðfjár sem kom af fjalli um miðjan september. Settar voru fjórar tegundir af steinefna- og saltsteinum í beitarrhöf og var það haft þar í fjóra daga.

Niðurstaðan var á þessa leið:

Af Uniblock átu þær 5.750 gr.

Af hreinum saltstein 3.520 gr

Af Leckstein Plus 1.920 gr

Af Universalschale 3.742 gr (sem er steinefnafata fyrir sauðfé)

Þarna velja þær frekar þau steinefni sem innihalda fjölbreytt úrval af vítamín.

Það er því ljóst að það er gríðarleg vöntun á vítamínunum og bætiefnum í sauðféð.

Hágæða gæludýrafóður frá Josera



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Opið í sundlaugum Skeiða- og Gnúpverjahrepps veturinn 2012-2013

Neslaug

Skeiðalaug

priðjudaga: 18 – 22

Fimmtudaga: 18 – 22

Neslaug opin til 1. nóvember

Laugardaga: kl. 13 — 17

Höldum okkar striki og syndum!

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í
sveitarfélaginu. Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.**

Vörur tengdar sundi til sölu—

**Sund er góð og ódýr
heilsurækt!**



Verðskrá:

Fullorðnir: 14 – 66 ára400 kr.

Adults 14—66 years old

10 miða afsláttarkort2.500 kr.

10 tickets discount card

Börn: 6 – 13 ára200 kr.

Children 6 – 13 years old

10 miða afsláttarkort1.200 kr.

10 tickets discount card

www.skeidgnup.is

Sundföt – leiga300 kr.

Swimwear

Handklæði – leiga300 kr.

Towel

Sturta / Shower-bath.....400 kr.